

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 13. janúar 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. janúar 1984.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

SAMÞYKKT

fyrir veiðifélag vatnasvæðis Dyrhólaóss, V-Skaftafellssýslu.

1. Félagið heitir Veiðifélag Dyrhólaóss. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Dyrhólaósi og öllum fiskgengnum ám og lækjum sem í hann falla, en þær eru:
Vatnsskarðshólar, Loftsalir, Hvamból, Brekkur I, Brekkur III, Ás, Dyrhólar I-II, Norðurgarður, Litluhólar, Garðakot, Ketilsstaðir I, Ketilsstaðir II, Rauðháls, allar í Dyrhólahreppi. Kaldrananes, Neðri-Dalur, Breiðahlíð, Stóri-Dalur, Fjós, Skaganes eystra, Skammidalur I-II, Skammadalshóll, Giljar, Garðar, Prestshús efri, Prestshús neðri, Hellur, Reynishólar, Teigargerði, Reynisholt, Þórisholt, Lækjarbakki, Reynir I-II, Reynishjáleiga, Kvíaból, Götur suður, Götur norður, Hvammur I norður, Hvammur II suður, Foss norður, Foss suður, Reynisdalur, Dyrhólahjáleiga, Starrkot, allar í Hvammshreppi.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og að rádstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á vatnasvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl, þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar út eftir tvö ár, og hinn þriðji eftir þrjú ár, og helst sú sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar endurskoðandinn og annar varamaðurinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið. Stjórnin skiptir með sér verkum.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli funda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.
Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.
6. Aðalfundur skal halda í marsmánuði hvert ár. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagsskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.
Samþykkt þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 5. janúar 1984.

Jón Helgason.

Ragnheiður Árnadóttir.

REGLUGERÐ

vegna eftirlits með afla og úthaldi á fiskveiðum.

1. gr.

Skipstjóra er skylt að halda fiski aðgreindum eftir tegundum um borð í veiðiskipum. Ennfremur er honum skylt að láta vigta hverja tegund sérstaklega. Skal þyngd hvernar tegundar skráð á matsnótur Framleiðslueftirlits sjávarafurða.

Ákvæði þessarar greinar tekur til eftirgreindra fisktegunda: Þorsks, ýsu, ufsa, karfa, skarkola, grálúðu og steinbíts.

2. gr.

Útgerðaraðilum veiðiskipa er skylt að senda ráðuneytinu skriflegar upplýsingar um afla og aflasamsetningu í ákveðinni veiðiferð eða yfir ákveðið tímabil og um úthald og sjósókn á ákveðnu tímabili óski ráðuneytið eftir slíkum upplýsingum.

3. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar breyta í engu skyldu skipstjórnarmanna og útgerðarmanna til skýrslugjafa til Fiskifélags Íslands samkvæmt reglum settum samkvæmt ákvæðum laga nr. 55 27. júní 1941 um afla- og útgerðarskýrslur.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkv. ákvæðum 18. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sbr. 4. gr. laga nr. 83 28. desember 1983.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. 1. gr. laga nr. 83 28. desember 1983, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. janúar 1984.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.